

Höfn 1905. Karlsrauðatorg 4.

Landnr:151597

Fastanr.215-5014

*(Fasteignamat 1931)*

Lóð 120 m<sup>2</sup> ógirt eignarlóð. Hús 7,5 x 6,25 m vegg hæð frá kjallara 3,0 m, rishæð 2,0 m. Kjallari steinsteyptur, hús úr timbri, pappklætt, þak úr timbri járnklætt, gólf, loft og skilrúm úr timbri. 2 íbúðir, 6 herbergi. 1 reyk háfur. Rakalaust en kalt. Byggt 1904 eigandi Oddur Jónsson skósmiður. Áfastur timburskúr 3,13 x 2,5 m. Timburskúr við sjó 3,75 x 2,2 m með járnþaki.



*Höfn. Til hægri Tungufellsbúð. Ljós. D. Bruun*

*(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)*

Tréhús – portbyggt á steypum kjallara. Litlar skemmdir á húsinu en reyk háfur þarfnast viðgerðar. Húsráðendur; 1) Kristján Hallgrímsson og Guðlaug Þorvaldsdóttir. 2) Anders Valders og Jakobína Valdes.

*Stutt saga húss:*

Árið 1905 kom Sigurður Jóhannsson frá Göngustöðum sér upp vænu timburhúsi í landi Brimness og nefndi Höfn. Húsið var "12 x 9 álnir, timburhús með járnþaki, pappklætt að utan með kjallara". Það var portbyggt með allháu risi og kvisti, og er hið ytra að mestu með sömu ummerkjum og þegar það var reist. Yfirmsiður var Helgi Ólafsson (Saga Dalvíkur II. bindi bls. 408)



*Höfn um 1980*

Eigendur og húsráðendur 1918 voru Stefán Jónsson frá Brimnesi og f.k.h. Eyvör Tímóteusdóttir. Í húsinu bjuggu þá auk þeirra Hallgrímur Gíslason sjómaður úr Gíslabúð, Dalvík, og k.h. Hansína Jónsdóttir frá Miðkoti.

Júlíus Eiðsson og Valgerður Þorbjarnardóttir keyptu húsið af Kristjáni Hallgrímssyni árið 1957 og áttu það í 37 ár. Þegar þau keyptu húsið var þeim sagt að húsið yrði fjarlægð fljótlega vegna gatnagerðar. Fljótlega eftir að þau eignuðust húsið skiptu þau um glugga og breyttu þeim. Þar höfðu verið krosspóstar en þau settu glugga með einum þverpósti í staðinn. Júlíus byggði lítið forskyggni eða inngangsskúr við vesturinngang hússins og einnig lagfærði hann þak á skúr norðan við húsið. Árið 1993 keypti Helga Matthíasdóttir Höfn af Júlíusi og Valgerði. Hún lét rífa forskyggnið og byggði stærri forstofu með risþaki í staðinn, sem stendur enn. Nokkrir eigendur hafa komið að húsinu síðasta áratuginn. 2008 keypti húslaugufyrirtækið Black Munke ehf. húsið af Íbúðarlánasjóði og átti það og leigði út til ársins 2012 þegar íbúðarlánasjóður eignaðist það aftur. Núverandi eigandi Hafnar er Manifesto ehf. Og er fyrirhugað að það verði eftirleidis nítt sem frístundarhús.



*Athugasemdir um hús:*

Eftir að Black Munke eignaðist húsið voru gerðar talsverðar endurbætur á því, einkum þó innanhúss. Gluggar hafa verið settir í upprunalegt form. Skúrbyggingin sem var norðan hússins var rifin. Húsið er þokkalega vel við haldið, en skúr sem stóð norðan við húsið hefur nýlega verið rifinn og er ekki búið að ganga frá útveggnum þar sem skúrin tengdist húsinu.



Höfn er friðað hús samkvæmt lögum um menningarminjar vegna aldur.

Athugasemdir um hús:

Húsið stendur á ógirtri 440,0 m<sup>2</sup> leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar og eru engin tré og ekki umhirtur garður.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur, íbúar</i>	<i>Börn</i>
1904-1915	<b>Sigurður Jóhannssonar,</b> Göngustöðum Ingibjörg Sigurðardóttir	Unnur (1908) Árný Ingibjörg Guðjónsdóttir (1892) Guðlaug Steinunn Guðjóns. (1894) Jóhann Gunnlaugur Guðjóns, (1897) Guðjón Guðjónsson (1898)
1908-1913 1909-1913	Hallgrímur Gíslason sjómaður, Gíslabúð Hansína Jónsdóttir frá Miðkoti	Stefán (1911) Jónas (1912)
1911-1916	Jón Valdimarsson Júlíana Sigurveig Sigurðardóttir	Sigvaldi (1910 dó 1932) Rósa (1912) Sæmundur Þorlákur(1915) Þorbjörg (1916)
1916-1919	<b>Stefán Jónsson frá Brimnesi</b> Eyvör Tímóteusdóttir	Sverrir (1916) Jón Ragnar (1918)
1918-1919	Hallgrímur Gíslason sjómaður, Gíslabúð Hansína Jónsdóttir frá Miðkoti	Stefán (1911) Jónas (1912) Gísli (1914) Guðrún Jóhanna (1917)
1919-1925	<b>Kristinn Jónsson netagerðarmaður</b> Elín Sigurrós Þorsteinsdóttir	Þorsteinn (1919) Guðjón Marinó (1920) Jónatan (1921) Haukur Viðar (1924)
1925-1926	<b>Anton Antonsson útgerðarmaður</b> Solveig Soffía Hallgrímsdóttir	Hallgrímur (1922) Freyja (1924) Pálrún (1925) Petra Salóme (1926)
1925-1931	<b>Oddur Jónsson skósmiður</b> Helga Sigfúsdóttir	
1931-1957	<b>Kristján Hallgrímsson</b> Guðlaug Ingibjörg Þorvaldsdóttir	Birgir (1925) Þórhallur Sigurpáll (1930 dó 1930) Kristín Sigríður (1932 dó 1943) Páll (1937) Hartmann (1937)
1934?	Anders Valders Jakobína Valdes.	

1954-1955	Björn Arnórsson Rósa Árnadóttir	Sif Þórarinsdóttir (1942) Mekkinó (1950) Árni (1951)
1954-1956	Friðrik Guðbrandsson	Sigurður Þ ()
1955-1956	Kristján Kristjánsson	
1957-1993	<b>Júlíus Eiðsson</b> <b>Valgerður Þorbjarnadóttir</b>	Eyrún Kristín (1955) Guðmundur Þorbjörn (1958) Valur Björgvin (1962) Júlíus Garðar (1966)
-1980	Eyrún Kristín Júlíusdóttir	Tómas Björn Óskarsson(1977)
1957-1967 -1959	Eiður Sigurðsson Valgerður Júlíusdóttir	
1993-1999	<b>Helga Matthíasdóttir</b>	Heiðar Sigurjónsson (1977) Loreley Sigurjónsdóttir (1980) Herdís Magnúsdóttir (1989)
1999-2001	enginn	
2002-2005	<b>Loreley Sigurjónsdóttir</b>	Ellen Helga Sigurðardóttir (2000)
2005	<b>Jóhann G Gíslason</b>	
2005-2007	<b>Þuríður Svava Sigurjónsdóttir</b>	
2007-2008	<b>Íbúðalánasjóður</b>	
2008-2012	<b>Black Munke ehf</b>	
2009-2011 2009-2011 2009-2011 2009	Grzegorz Kazimierz Samulak Pawel Czerw Robert Kamil Orzelski Przemyslaw Orzelski	
2010-2011	Edvard Switalski	
2011	Tomasz Konopka	
2011	Adam Pawel Roszkowski	
2012-2016	<b>Íbúðalánasjóður</b>	
2016 og enn	<b>Manifesto ehf.</b>	

*(saga Dalvíkur III bindi, bl. 346 (Samgöngumál)*

Jónas Hallgrímsson frá Melum hóf bifvélavirkjun á Dalvík 1935, en hafði áður unnið að bílaviðgerðum á Akureyri í hálfri þriðja ár. Þá féll bifvélavirkjun ekki undir iðnlöggjöfina, en réttindi hlaut Jónas, er sú löggjöf komst á. Hann stofnaði Bílaverkstæði Dalvíkur 1935, hóf viðgerðir í sláturhúsi Ú.K.E., en reisti eigið verkstæði um 1938 (Steðji, bílaverkstæði Jónasar Hallgrímssonar, reist 1938), síðan annað 1945, og stendur það enn.

*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)*

Eigandi Hermannna Jóhannesadóttir. Útveggir úr R-steini, pappaklætt skúrþak. Öll loft, gólf og skilveggir úr timbri. Hæðinni skipt í forstofu, gang, bað, klósett, stofu, tvö herbergi og þvottahús. Stærð: 11,75 x 4,45 x 2,80 / 2,30 x 2,00 x 2,80 / 2,60 x 2,90 x 2,80m. Alls 64,43 m<sup>3</sup> og 180,4 m<sup>3</sup>. Húsið er sambyggt trésmíðaverkstæði.



*Stutt saga Steðja íbúðarhúss:*

Jónas Hallgrímsson frá Melum reisti bílaverkstæði um 1938, sem hlaut nafnið Steðji, bílaverkstæði Jónasar Hallgrímssonar. Í suðurhluta hússins var íbúð og þar bjuggu þau hjónin Jónas og Hrefna Júlíusdóttir þangað til þau fluttu í nýbyggt hús sitt við Bjarkarbraut 1 árið 1949 og þá keyptu Stefán Stefánsson og Sigrún Eyrbekk íbúðina. Þegar þau selja árið 1959 kaupir Bjarnar Baldvinsson frá Kambhóli íbúðina og býr það ásamt konu sinni Hermönndu Jóhannesardóttur. Bjarnar drukknaði ásamt frændur sínum og fósturbróður Tómasi Péturssyni í skipsskaða þegar fárviðri gekk yfir landið 9. apríl 1963. síðan þá hefur Hermannna verið skráð fyrir íbúðinni og býr það enn þann dag í dag.



*Athugasemd um húsið:*

Húsinu hefur lítið verið breytt. Snemma var byggður við það inngangsskóf. Upphaflega var þakið pappaklætt á Steðja en einhvern tíma fyrir 1980 hefur verið sett bárujárni, þá var einnig múrþípa brotin niður og fjarlægð. Á tímabilinu milli 1980-90 var farið í að skipta um glugga. Upphaflegu gluggarnir voru með tveimur liggjandi póstum sem skiptu þeim í þrjú hólf og var þeim hólfum skipt með ýmist einum eða tveimur standandi póstum. Gluggunum var breytt þannig að allir póstar voru fjarlægðir og sett ein stór rúða í staðin eða eitt laust fag. Við þetta sama tækifæri var íbúðarluti hússins einangraður og klæddur að utan með standandi valborðum.

*Athugasemd um umhverfi húss: landnúmer 151598*

Stærð lóðar er 350,7 m<sup>2</sup> í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið er sambyggt trésmíðaverkstæði.

Lóðin er girt með timburstaurum og langböndum uppi og niðri og vírnet á milli. Engin trjá-eða blómarækt í garðinum. Sólþallur úr timbri sunnan húss og timbur skjólveggir í kring um hann.

*Stutt saga Steðja, verkstæðis:*

Jónas Hallgrímsson frá Melum stofnaði Bílaverkstæði Dalvíkur 1935, hóf viðgerðir fyrst í sláturhúsi Ú.K.E., en reisti eigið verkstæði um 1938, Steðji, bílaverkstæði Jónasar Hallgrímssonar. Húsið þjónaði því hlutverki til ársins 1945 en þá flutti Jónas starfseminu í nýtt húsnæði sem hann hafði byggt niður við Sandskeið 22. Eftir að Jónas fór úr húsinu



keyptu þeir Jón E. Stefánsson í Hvoli, Björn Þorleifsson frá Hóli og Sveinn Friðbjörnsson í Efstakoti norðurenda hússins, þar sem verkstæðið var og hefja þar rekstur á Trésmíðaverkstæði. Þarna stunduðu þeir sína iðn alla sína starfsæfi. Það var svo árið 1982 sem þeir synir Björns Þorleifssonar, Stefán og Björn, keyptu hluti þeirra Jóns og Sveins og fara í kompaní með föður sínum um reksturinn. Það má segja að lítil sem engin starfsemi hafi verið á þessu verkstæði í talsverðan tíma, enda er húsið orðið illa farið og því hefur ekki verið haldið við.

*Athugasemd um húsið:*

Norður endi hússins Steðja er merkilegur fyrir þær sakir að þarna var stofnað og starfrækt fyrsta bílaverkstæði á Dalvík og eftir að það flutti út var stofnað þar fyrsta trésmíðaverkstæði á Dalvík og það starfrækt í húsinu um langt skeið.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 255,0 m<sup>2</sup> í eigu Dalvíkurbyggðar. Ógirt og er að hluta til undir gangstétt og bílplani norðan við húsið.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1936-1950	Jónas Hallgrímsson Hrefna Júlíusdóttir	Nanna (1939) Halla (1943)
1954-1959	Stefán Stefánsson Sigrún J. Eyrbekk	Stefán (1953) Sigríður Ingibjörg (1955) Davíð (1957)
1959-1963 1983	Bjarmar Baldvinsson Hermanda S Jóhannesdóttir	Jóhannes B (1960) Dagbjört B (1963) Baldrún Hrönn Sævarsd. (1968)
1963-1964	Johanna Haraldson	
Norður hluti 1938-1945	Jónas Hallgrímsson	Bílaverkstæði Dalvíkur
1945-1982	Jón E. Stefánsson Björn Þorleifsson Sveinn Friðbjörnsson	Trésmíðaverkstæði
1982	Björn Þorleifsson Stefán Björnsson Björn Björnsson	

**Karlsrauðatorg 6. 1942 Arnarhvoll** Landnr: 151600

Fastanr: 2155018

*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)*

Eigandi Steinn Símonarson. Útveggir úr tvöfaldri steinsteypu, pappaklætt skúrþak. Loft úr timbri gólf og skilveggir úr steinsteypu.

Hæð skipt í 9 hólf. Stærð 9,25 x 8,25 x 3,30 og 1,70 x 5,10 x 3,30.

Viðbyggður skúr úr timbri skipt í 2 hólf. Stærð: 2,45 x 3,35 x 2,60. Alls 90,7 m<sup>2</sup> og 295,4 m<sup>3</sup>



*Stutt saga húss:*

*(Spjall við Palla Steins og Syllu 4.11.2012)*

Friðsteinn Bergson Byggði Arnarhvol á árunum 1942-44. Lóðarleigusamningur er útgefinn 1943. Friðsteinn átti húsið í u.þ.b. eitt og hálf til tvö ár en seldi þá Erik Kristjansen, Dönskum manni, það og fer sjálfur að byggja sér annað hús við Karlsbraut 19.

Steinn Símonarson eignaðist Arnarhvol með afsali sem er dagsett 30 ágúst 1947. Hann keypti húsið af Erik Kristjansen. Þeir félagar Erik og Steinn koma til Dalvíkur frá Siglufirði til að vinna við grjótflytninga í hafnargarðinn sem þá var verið að gera. Erik var með grjótflytningaskipið Björninn og var Steinn kafari hjá honum. Steinn býr fyrstu árin sem hann er hér á Dalvík í Brúarlandi þar sem hann kynnist tilvonandi eiginkonu sinni Öldu Stefánsdóttur. Þau Steinn og Alda búa svo í Arnarhvoli alla sína æfi en Steinn deyr árið 1998 og þá flyst húsið á nafn Öldu og hún býr áfram þar til dauðadaga, en hún deyr árið 2010. Nú eiga börn þeirra þau Símon Páll og Sigurlína húsið en eininn býr í því í dag. Lengi framanaf voru fjárhús fyrir um 20 kindur sem tilheyrðu Arnarhvoli rétt sunnan og ofan við húsið



*Athugasemd um húsið:*

Húsið er óvenjulegt í útliti, einhverskonar funkishús með pappaklæddu skúrþaki, steinsteypt með tvöföldum útveggjum með skeljasandsyfirborði. Húsið er á einni hæð en þó á tveimur pöllum, suðurendinn um 80 cm. ofar en nyrðri endinn. Í kring um 1960 var byggður lítill inngangsskúr úr timbri norðan við húsið, áfastur norðurgafli. Gerðar hafa verið nokkrar endurbætur á húsinu. Skipt var um þak upp úr 1980, settar nýjar sperrur og skipt um pappa. Einangrun sem var reiðingur var fjarlægður en sett upp í staðin. Reykháfur sem var á húsinu var fjarlægður. Það var Kvistur ehf. sem sá um endurbæturnar. Árið 1994 eða 95 var skipt um glugga en þeim var ekki breitt.

*Athugasemd um umhverfi húss: landnúmer*

Stærð lóðar er 460,0 m<sup>2</sup> í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóðin er girt með timburgirðingu og er aðkoma að húsinu norðangrá, frá Gunnarsbraut. Lávaxin trjágróður í garði. Hellulögð stétt er norðan húss við inngangsskúr þar.



<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1942-1945	<b>Friðsteinn Bergsson</b> <b>Sveinborg Gísladóttir</b>	Rúnar Þorleifsson (1937) Anna Stella Marinósdóttir (1949)
1945-1947	<b>Erik Kristjansen</b>	
1947-1999 1999-2010	<b>Steinn Símonarson</b> <b>Alda Stefánsdóttir</b>	Stefán (1947) Símon Páll (1949) Sigurlína (1957)
2010	<b>Símon Páll Steinsson</b> <b>Sigurlína Steinsdóttir</b>	

*(saga Dalvíkur III bindi, bl. 306 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))*

(l: 11,0 – b: 9,5 – h: 8,1). Tveggja hæða steinhús og ris. Neðri hæð tíu herbergi með uppgöngu á efri hæð. Efri hæð sjö herbergi og gangur með uppgöngu á rishæð. Allt málað eða veggfóðrað. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa (1934).

Forstofa (l: 3,8 – b:5,0 – h: 2,0)

*(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)*

Tvílyft steinhús á grunni, þiljað innan. Miklar skemmdir urðu á húsinu – óíbúðarhæft. Miklar viðgerðir, t.d.

steypt utan um húsið. Þá þurfti að sperra við gafla. Íbúar 11. Húsráðendur; 1) Jón E Stefánsson, Fanney Bergsdóttir. 2) Friðsteinn Bergsson. 3) Arnbjörn Stefánsson og Laufey Jónsdóttir.



*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)*

Steinsteypt hús, járnklætt þak, rishæð 2,5 m. Efsta plata úr timbri. Gólf og skilrúm á 1. hæð steinsteypt, 2. hæð úr timbri, timburstigi milli hæða. Safnahús. 11 m í næsta hús.

Risið óinnanbyggt. 1. hæð skipt með steinsteyptum skilrúmunum í 10 hólf með uppgöngu á aðra háð. 2. hæð skipt með timburskilrúmunum í 5 hólf auk uppgöngu á ris. Stærð; L- 11,2 B- 9,8 H-6,85 m. Viðbyggt anddyri úr steinsteypu. Stærð; L- 2,1 B- 9,8 H-2,8 m. Viðbyggt geymsluskúr úr steinsteypu. Stærð; L- 5,1 B- 5,9 H-2,4 m. Eigandi; Ráðhús. Síðasti eigandi; Jón E Stefánsson.

*Stutt saga húss*

Jón E. Stefánsson og kona hans Fanney Bergsdóttir byggðu húsið Hvol, tveggja hæða steinhús með risi. Á neðri hæð voru tíu herbergi með uppgöngu á efri hæð. Á efri hæð voru sjö herbergi og gangur með uppgöngu á rishæð. Allt málað eða veggfóðrað. Eftir lát Fanneyjar bjó Jón áfram í Hvoli ásamt ráðskonu sinni Maríu Sigurjónsdóttur. Iðulega bjuggu tvær fjölskyldur í húsinu.

Dalvíkurbyggð eignaðist húsið eftir lát Jóns og frá 1987 hefur það hýst safnkost byggðalagsins. Húsinu hefur verið breytt svo það henti sem best til sýningarhalds. Kvistir voru stækkaðir eftir að safnið eignaðist húsið og varð þá til enn stærra sýningarrými. (Jonna í Hvoli).



*Athugasemd við hús*

Eftir jarðskjálftann 1934 var húsið styrkt með tveim stálbitum utan á húsinu að framan upp úr og niður úr. Hvoll er hluti af því svipmóti sem bærinn fékk um og eftir jarðskjálftann. Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

*Athugasemd við umhverfi húss*

Húsið stendur nyrst á 578,0 m<sup>2</sup> leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Garður afmarkaður að framan með hlöðnum grjótgardi 20 m langur og 80 cm hár og var hlaðinn árið 2006. Að norðan stendur steypur eldri





veggur. Trjágróður og í garði er stillt upp gömlum landbúnaðartækjum.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur / íbúar</b>	<b>Börn</b>
1930-	<b>Jón E. Stefánsson</b> <b>Faneyju Bergsdóttur</b>	
1930-	Friðsteinn Bergsson	
1930-	Arnbjörn Stefánsson Laufey Jónsdóttir	

(*saga Dalvíkur III bindi, bl. 296 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l:7,6 / b:5,0 / h:6,0) Höepfnersbúð. Timburhús á steinsteyptum kjallara. Ein hæð með risi, skipt í þrennt, innanbyggt sem sölubúð. Húsið stóð autt á ofanverðu ári 1933, er mat fór fram. Mun síðar hafa verið notað til íbúðar. Húsráðendur: Árni Valdemarsson og Steinunn Jóhannesdóttir.



(*Fasteignarmat 1931*)

Stærð lóðar 655 m<sup>2</sup> ógirt leigulóð, hús og fiskhjallur. Stærð húss: 7,50 x 5,00 m vegghæð frá grunnni er 3,00 m, rishæð 0,75 m. Útveggir, þak, gólf, loft og skilrúm af timbri og þak pappaklætt. Húsið notað sem sölubúð. Tvö herbergi. Eigandi Höepfnersverslun Akureyri.

(*Fasteignarmat 1940*)

Stærð lóðar 140 m<sup>2</sup>. Hús l: 7,5 b: 3,8 vegghæð frá kjallara að grunnni 3,0 m 85 m<sup>3</sup>. Húsið íbúðarhús byggt úr torfi og timbri með pappapaki. Herbergaskipun 1 stofa, eldhús, geymsla og geymsla á lofti. Veggir sundurgrafnir að rottum.



(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*)

Eigandi Jón S. Stefánsson. Útveggir úr timbri járnklæddir. Risþak járnklætt. Kjallari úr steinsteypu annað úr timbri. Kjallara skipt með timburskilrúmunum í 3 hólf og stigauppgöngu. Hæð skipt í 3 herbergi og forstofu. Stærð: 7,70 x 5,00 x 5,60 m. Alls 77,0 m<sup>2</sup> og 208,0 m<sup>3</sup>.

### Kambhóll 1943

Hús Höepfnersverslunar byggt 1922, síðar flutt úr láginni og heitir nú Kambhóll.

*Stutt saga húss:*

Jón Baldvin Sigurðsson var húsmaður á ýmsum stöðum á Upsaströnd og í sveitinni, en settist síðan alfarið að á Dalvík og reisti hús sitt Kambhól 1915 og bjó þar til dauðadags. Hann var trésmiður að iðn og atvinnu, en fékkst þó líka mikið við sjósókn og smáútgerð. Kona hans var Guðrún Svava Gísladóttir. Réttur faðir hennar var talinn vera séra Tómas Hallgrímsson í Stærri-Árskógi, síðar Völlum. Guðrún dó 1924 aðein 44 ára að aldri.

Þau Baldvin og Guðrún áttu þó saman 12 börn en aðeins tvö þeirra komust yfir miðjan aldur. Eftir lát Guðrúnar Svövu bjó Baldvin með Dagbjörtu Aldindorg Óskarsdóttur fá Klængshóli. Baldvin og Dagbjört eignuðust soninn Baldvin Bjarmar árið 1938. Fóstursonur þeirra var Tómas Pétursson sem var sonarsonur Baldvins. Þeir frændur og fósturbræður Bjarmar og Tómas drukknuðu í skipsskaða þegar fárviðri gekk yfir landið 9. apríl 1963.

Árið 1943 keypti Baldvin hús Höepfnersverslunarinnar sem stóð á bakkanum utan og neðanvið gamla sláturhús kaupfélagsins. Baldvin fékk Jón Stefánsson í Hvoli til að



taka húsið í sundur og flytja það sem var nýtanlegt úr því upp að Kambhóli. Þar var Jonni búinn að steypa grunn eða kjallara undir húsið og reisti hann húsið þar ofaná. Húsið er mjög líkt gamla Höepfnershúsinu bæði að stærð og útliti, þó er gluggasetningin önnur. Eftir að Dagbjört dó árið 1960 flutti Baldvin til sonar síns Bjarmars sem bjó í næsta húsi, Steðja, og þá keypti núverandi eigandi, Jón Sölvi Stefánsson Kambhól.

*Athugasemd um húsið:*

Þegar Jón Sörvi keypti Kambhól var húsið klætt með bárujárni og gluggarnir voru úr Höepfnersverslun, einpóstgluggi með þriggja rúðurömmum. Rétt um 1980 lét Jón taka bárujárnsklæðninguna utan af húsinu og setja áklæðningu í staðinn. Bárujárnið á þakinu er þó upphaflegt, en Jón steypiti utanum reykháfinn sem var að falli kominn. Við þetta tækifæri var gluggunum breytt þannig að pósturinn var fjarlægður en settur liggjandi póstur í staðin með stærri rúðu að neðan og lausu fagi að ofan.



*Athugasemd um umhverfi húss: landnúmer*

Stærð lóðar er 375,0 m<sup>2</sup> í eigu KEA svf. Lóðin er ógíst og lítið um trjágróður í garðinum. Sól pallur er sunnan og vestanvið húsið og er skjólveggur í kringum hann.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1943 - 1962 Dó 1924	<b>Baldvin Sigurðsson</b> Guðrún Svava Gísladóttir	Sveinbjörg Svava (1901) Valgerður Þórunn (1903) Tómas (1905) Sigurbjörn (1908) Pétur Friðrik (1909) Magdalena 1911) Guðjón (1912) Óli Sigurbjörn (1915) Bára (1916) Bryndís (1918) Guðmundur (1920) Gunnar Valgarður (1923)
Dó 1960	Dagbjört Aldinborg Óskarsdóttir	Baldvin Bjarmar (1938 - 1963) Tómas Pétursson (1930 - 1963)
1960	<b>Jón Sölvi Stefánsson</b> <b>Vilborg Guðmundsdóttir</b>	Fanney (1959) Sigurlinda (1963) Þórunn (1965)

**Agðir** 1919 (áður Tungufellsbúð, Ytraholtsbúð, Hyltinganausti og Einarsbúð) Karlsrauðatorg 9  
Fastanúmer: 215-5021 / landnúmer:151602

(*saga Dalvíkur II bindi, bl. 402 (eins og staðan var 1918)*)

Eigendur og húsráðendur Einar Bjarnason sjómaður og k. h. Rannveig Guðmundsdóttir. Sonur þeirra var Guðmundur sjómaður og verkamaður s. st. Kona hans Baldvina Þorsteinsdóttir frá Böggvisstöðum, Baldvinssonar. – Íbúðarhús úr torfi og timbri, 8x5 álnir. Árið 1919 var byggt upp.



(*Fasteignarmat 1931*)

Lóð 1 ha. girt með gaddavír, leigulóð. Hús 6,5 x 5,0 m. Vegghæð frá kjallara 2,5 m rishæð 1 m. Steyptur kjallari undir húsi en hús af timbri, pappklæddir, þak af timbri járnvarið. Gólf, loft og skilrúm að timbri. 1 íbúð,4 herbergi. Upphitun húss við ofni, einn reyk háfur. Rakalaust og hlýtt. Hús byggt 1917. útihús: fjós fyrir 1 kú, fjárhús fyrir 24 kindur af torfi. Eigandi Guðmundur Einarsson húsmáður Dalvík.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*)

Kjallari úr steinsteypu, hæð úr timbri, járnklædd. Risþak klætt járn. Kjallaragólf úr steinsteypu annað úr timbri. 11 m í næsta hús. Kjallara skipt með timburskilrúmum í 4 hólf með uppgöngu á hæð. Hæð skipt með timburskilrúmum í 5 hólf. Stærð: L- 6,3 B- 4,9 H- 5,2 anddyri: L- 1,6 B- 1,5 H- 3,0 m. Viðbyggð skúrbygging úr timbri. Stærð: L- 4,9 B- 2,15 H- 2,4 m. Eigandi Hafliði Friðriksson.



*Stutt saga hússins.*

Einar Bjarnason sjómaður og kona hans Rannveig Guðmundsdóttir byggðu fyrst Agðir upp úr Hyltinganausti árið 1912 þá stóð þar hús úr torfi og timbri, 8 x 5 álnir. Þau bjuggu áður í Brautarhóli í Svarfaðardal til 1906 en fluttu þá til Dalvíkur. Hús sitt eða smábýli nefndu þau Agðir. Þau byggðu húsið sem enn stendur árið 1919 og þar réðu þau húsum til 1927, en voru þar síðan hjá syni sínum til æviloka. Sonur þeirra var Guðmundur sjómaður og verkamaður. Kona hans var Baldvina Þorsteinsdóttir frá Böggvisstöðum, Baldvinssonar. Þau Guðmundur og Baldvina bjuggu í húsinu alla sína búskapartíð. Baldvina selur húsið 1982 þeim Hafliða Friðrikssyni Guðrúnu Garðarsdóttur og átta þau Agðir til 1988 og síðan hafa margir eigendur verið að húsinu. Núverandi eigandi Agða er Gunnlaugur Þór Briem og hefur hann átt það frá 2002.



Húsið er lítið breitt frá upphafi, þó hefur gluggasetningu verið breytt og húsið verið klætt utan með bárujárni einhvertímann snemma á ferlinum. Einnig var byggður inngönguskúr úr ateinsteypu norðan við húsið og reyk háfur verið fjarlægður.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur / íbúar</b>	<b>Börn</b>
1918-1927	<b>Einar Bjarnason</b> , sjómaður (d:1943) Rannveig Guðmundsdóttir (d:1941)	Jónína Rannveig (1885) Þorvaldur (1888) Anna (1890) Kristín Björg (1893) Guðmundur (1896) Gunnlaugur Sigurvin (1901)
1927-1982	<b>Guðmundur Einarsson</b> , sjómaður og verkamaður Baldvina Þóra Þorsteinsdóttir, frá Böggvisstöðum	Soffía (1931) Rannveig Anna (1945)
1982-1988	<b>Hafliði H Friðriksson</b> <b>Guðrún Garðarsdóttir</b>	Hrafnhildur Sigurðardóttir (1974) Aðalheiður Þ Hafliðadóttir (1980) Inga Kristín Hafliðadóttir (1984)
1989-1996 -1992	<b>Guðjón Manases Stefánsson</b> <b>Þórdís Helga Sigurjónsdóttir</b>	
1993-1994	Sólveig María Hjaltadóttir	Aníta Guðbrandsdóttir (1985) Andrea Guðbrandsdóttir (1990)
1995-1996	Pálmi Guðmundsson	
1996-1996	<b>Land-ís ehf</b>	
1997-1998	Sævar Berg Hannesson Tinna Sigurjónsdóttir	
1996-1998	<b>Þorgrímur Dúi Jósefsson</b>	
1998	<b>Byggingarsjóður ríkisins</b> <b>Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar</b>	
1998-1999	<b>Sævar Berg Hannesson</b>	
1999-2002	<b>Sindri Svan Stefánsson</b> <b>Sylvía Sigurðardóttir</b>	Hermann Ingi (2000)
2002-	<b>Gunnlaugur Þór Briem</b>	
2005-2007	Sólveig Björg Halldórsdóttir	Alexandra Ýr Viktorsdóttir (2004)
2007	Jocek Piotr Dawidowicz Joanna Maria Dawidowicz	

## Steinholt 1928

Lnr: 151604

Fnr: 2155025

(saga Dalvíkur III bindi, bl. 306 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

(l: 7,2 – b: 5,1 – h: 5,3). Einnar hæðar steinhús m/porti, risi og kvisti. Aðal hæð þrjú herbergi, á lofthæð þrjú. Húsið að mestu þiljað, málað eða veggfóðrað.

Geymsluhús (l: 5,2 – b: 5,1 – h: 3,4). Áfast íbúðarhúsi, steinsteypt (1933)

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 1064 m<sup>2</sup> leigulóð girt með gaddavír. Hús 7,5 x 5,0 m. Vegghæð frá kjallara 3,3 m rishæð 2,0 m.

Hús byggt af steinsteypu, þak af timbri pappaklætt. Gólf, loft og skilrúm af timbri. Notkun, íbúr og geymsla. 1 íbúð og 5 herbergi. Hitað með ofni, einn steypdur reykháfur. Rakalaust og hlýtt. Útihús, steinsteypt áfast húsinu 5,0 x 5,0 m. Fjós.

Byggt 1926 eigandi Jóhann Lyngdal Bjarnason Dalvík.



(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)(sagt þar að hús sé byggt 1926)

Steinsteypt hús með járnklæddu rispaki með kvisti.

Neðra gólf úr steinsteypu, annað úr timbri. 24 m í

næsta hús. Rishæð skipt með timburskilrúmi í 4

hólf. Hæð skipt með timburskilrúmunum í 5 hólf.

Stærð: L- 7,2 B- 5,1 H- 5,8 m. Inngangsskúr: L- 1,8

B- 1,75 H- 2,3 m. Í allt 76,6 m<sup>2</sup>. Áfast húsinu er

geymsluskúr úr steinsteypu með járnklæddu þaki. Stærð: L- 5,2 B- 5,1 H- 2,6 m. Í allt 26,5 m<sup>2</sup>. Eigandi Anna Kristjánsdóttir.



## Stutt saga húss

Húsið Steinholt byggðu hjónin Jóhann Lindal

Bjarnason bókhaldari og verkamaður og Guðrún M.

Jónsdóttir árið 1928. Hús byggt af steinsteypu, þak

af timbri pappaklætt. Gólf, loft og skilrúm af timbri.

Árið eftir var byggður, áfastur geymsluskúr úr

steinsteypu með járnklæddu rispaki, fjós. Jóhann

og Guðrún bjuggu í Steinholti allan sinn búskap.

Sonur þeirra, Eiríkur Línals og kona hans Anna

Kristjánsdóttir frá Klængshóli, tóku við búi af

foreldrum hans milli 1935-40. Þau bjuggu allan sinn

búskap á Steinholti og Anna eftir að Eiríkur dó og

síðustu árin ásamt kjörsyni sínum Brynjólfi þar til hún flutti á Dalbæ, heimili aldriðra á Dalvík 2004. Brynjólfur andaðist að heimili sínu 1913. Húsið hefur því verið í eigu sömu fjölskyldu alla tíð þangað til að Gísli, Eiríkur og Helgi ehf. keypti Steinholt af dánarbúinu árið 2016.



## Athugasemd við hús

Húsið er í niðurníðsku og illa útlítandi. Það er gott í grunninn og gæti sómt sér vel væri það gerð upp

*Athugasemd við umhverfi húss*

Trjágarður er í kring um húsið en á sama hátt og húsið illa umhirtur og í órækt

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b><i>Tímabil</i></b>	<b><i>Eigendur / íbúar</i></b>	<b><i>Börn</i></b>
1928-1943	<b>Jóhann Línals Bjarnason (1870-1943)</b> <b>Guðrún Margrét Jónsdóttir</b>	
1938-1977 -2004	<b>Eiríkur Axel Línals Jóhannsson (1906-1977)</b> <b>Anna Sigríður Kristjánsdóttir (1915-2011)</b>	Brynjólfur Karl (1942) <i>Kjörsonur.</i>
1980-2013	Brynjólfur Karl Eiríksson (1942-2013)	
2016 og enn	Gísli, Eiríkur og Helgi ehf	

**Karlsrauðatorg 12.** 1948. (Landnúmer: 151605

Fastanúmer: 2155027) Bílskúr byggður 1981.

*Fundargerð 15 ágúst 1947:*

Lagt fram bréf frá Byggingarfélagi verkamanna þar sem óskað er leyfis til byggingar á tvíbýlishúsi sem byrjað var á síðastliðið haust. Uppdráttur af húsinu fylgir.

*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).*

Eigandi Valrós Árnadóttir. Parhús. Útveggir úr steinsteypu, rispak járnklætt. Loft úr timbri, gólf og stigi úr steinsteypu, skilveggir úr steinsteypu og timbri. Neðri hæð skipt í 8 hólf og stigauppgangur á efri hæð. Efri hæð skipt í 6 hólf. Stærð: 9,25 x 8,00 x 5,73. alls 148 m<sup>2</sup>. og 424 m<sup>3</sup>. Bílskúr byggður 1981. Útveggir úr holsteini, rispak járnklætt. Gólf úr steinsteypu og loft úr timbri. Stærð: 7,55 x 4,45 x 3,00. Alls 33,6 m<sup>2</sup>. og 100,8 m<sup>3</sup>.



*Stutt saga húss:*

Það standa þrjú tvíbýlishús (parhús) við Lágina norðanverða, öll byggð á árunum 1946-47 af Byggingarfélagi verkamanna. Það er Halldór Halldórsson arkitekt sem teiknar húsin og áritar teikningarnar í júní 1946. Þau eru fullgerð og flutt í þau árið 1948. Þessi hús mynda samstæða heild og ákveðna götumynd. Upphaflega var áætlað að það kæmu þrjú samskonar hús norðan við þessi en sköruðust þó við þessi, þess vegna eru lóðirnar þarna óvenju djúpar. Það var hætt við þetta.

*(Spjall við Valrós Árnadóttur 6.11.2012).*

Þau Jóhann Helgason og Valrós Árnadóttir fengu úthlutað Karlsrauðatorgi nr. 12. Það hús er byggt á talsvert hærrí sökklí en efri húsin tvö, þar sem það stóð lægra í landinu en hin. Það var talað um að þar mætti gera kjallara með fullri lofthæð því sökkullinn biði upp á það. Það var ekki gert en fyllt í hann með mól. Dalvíkurhreppur hafði tekið neðri hæð hússins á leigu og látið innréttu litla íbúð þar fyrir fólk sem hafði búið í gömlu sjóhúsi sem var ónýtt og ekki íbúðarhæft sakir kulda. Valdimar Óskarson frá Kóngstöðum var ráðinn fyrsti skrifstofumaður Dalvíkurhrepps 1. janúar 1951 og var fyrsta skrifstofa hreppsins á neðri hæð Karlsrauðatorgs 12.



*Athugasemd um húsið:*

Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu utan þess að gluggum á suðurhlíð var breytt lítillega. Upphaflega voru gluggarnir með þremur standandi póstum sem skiptu glugganum í fjögur jafnstór bil og enda bilinu var skipt með einum þverpósti í lítið opnanlegt fag að neðan og stærri rúðu að ofan. Við breytinguna var mið pósturinn tekinn og sett ein stór rúða í staðinn og einnig var þver pósturinn tekinn og sett laust fag í allt endabilið. Á þessu húsi eina og hinum við hliðina var múrpípa upp úr þakinu og niður í gegn um eldhúsið. Þessa múrpípu lét Valrós fjarlægja eftir að hitaveita kom í húsið, alveg frá milliplötu og upp úr. Eftir að Almar flytur inn til Valrósar byggja þau bílskúr austan við húsið. Árið 1981 var byggður 32 m<sup>2</sup>. bílskúr austan við húsið. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar er 700 m<sup>2</sup>. í eigu Dalvíkurbyggðar. Enginn girðing er í kringum lóðina. Mikill og þéttur trjágróður er framan við húsið. Hellulögð stétt frá götu að útitröppum.



<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1948-1963 1948- 1977-	<b>Jóhann Helgason</b> <b>Valrós Árnadóttir</b> Almar Jónsson	Friðbjörg (1943) Helga (1947) Árni Steinar (1953) Óli Þór (1961)
1953-1957 1954-1957	Júlíus Eiðsson Valgerður Þorbjörnsdóttir	Eyrún Kristín (1955)
1948-1957	Jóhanna Jónsdóttir	
1957-1958	Gísli Guðmann Stefanía Jóhannsdóttir	Helga (1953)
1958-1963	Jónas Jóhannsson Elín Þorsteinsdóttir	
1964-1966?	Ottó Gunnarsson Friðbjörg Jóhannsdóttir	Friðrikka Björk (1964)
1974?-1976	Jóhannes Markússon Dagný Bjarkadóttir	Markús (1971) Anna Sigríður (1973)
1976-1977	Pálmi Guðmundsson Rósa Davíðsdóttir	
1978-1986	Sveindís Inga Almarsdóttir	
1982-1984	Óli Þór Jóhannsson Ingunn Bragadóttir	
1987-1989	Óli Þór Jóhannsson Ingunn Bragadóttir	Bragi Þór (1989)
1989-1990	Þorgeig Gunnarsson	
1990-1992	Árni Björnsson Guðbjörg Jóhannsdóttir	
1992-1995	Laufey Sigurpálsdóttir	
1996-2002	Jón Haraldur Ólafsson	
2005?-2011	Matthías Hafþór Angantýrsson	

## Karlsrauðatorg 14. 1948

(Landnúmer: 151606 Fastanúmer: 2155029).

### *Fundargerð 15 ágúst 1947:*

Lagt fram bréf frá Byggingarfélagi verkamanna þar sem óskað er leyfi til byggingar á tvíbýlishúsi sem byrjað var á síðastliðið haust. Uppdráttur af húsinu fylgir.

### *(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).*

Eigandi Friðleifur Sigurðsson. Parhús. Útveggir úr steinsteypu, risþak járnklætt. Loft úr timbri, gólf og stigi úr steinsteypu, skilveggir úr steinsteypu og timbri. Neðri hæð skipt í 8 hólf og stigauppgangur á efri hæð. Efri hæð skipt í 6 hólf. Stærð: 9,25 x 8,00 x 5,73. alls 148 m<sup>2</sup> og 424 m<sup>3</sup>.



### *Stutt saga húss:*

